

GJALDSKRÁ

fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- 600 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1, hámarkstími 3 klukkustundir.
- 220 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- 220 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar, en 65 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- 220 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

- 1.300 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- 2.600 krónur á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

3. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 28. júní 2023 og á fundi borgarráðs 29. júní 2023 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1306/2022.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 30. júní 2023.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. júlí 2023